Norrænar konur að Kjarvalsstöðum:

Þar sem málverkið og teikningin er í fyrirrúmi



Frá vinstri: Borghildur Óskarsdóttir, Kristen Andersen, Þóra Kristjánsdóttir, Bergljót Ragnars, Valgerður Bergsdóttir og Edda Jónsdóttir.

Norrænar konur nefnist sýning, sem opnuð verður að Kjarvalsstöðum um helgina. Hér er um að ræða samsýningu 47 listakvenna, tíu danskra, tíu finnskra, sex íslenskra, ellefu norskra og tíu sænskra.

Þetta er farandsýning. Hún var opnuð í Malmö Konsthall í maí síðastliðnum, fór þaðan til Finnlands og var sett upp fyrst í Abo Konstmuseum og síðar í Mellersta Finland Museum. Hingað kemur hún frá Galleri F 15 í Moss í Noregi, en héðan fer hún til Danmerkur og verður sett upp í Aarhus Kunstmuseum.

Málverkið og teikningin.

„Hugmyndin kom upp fyrir um þremur og hálfu ári," sagði Bergljót Ragnars, myndlistarmaður, í samtali við Vísi," að skemmtilegt væri að efna til samsýningar, þar sem sýnd væru verk listakvenna frá öllum Norðurlöndunum."

Bergljót og sænska myndlistarkonan Marianne Agren, ásamt Kirsten Andersen, starfsmanni menntamálaráðuneytisins danska, eiga heiðurinn af sýningunni. Til hennar fengu þær styrki bæði frá Norræna menningarsjóðnum og Malmö Konsthall.

„Á sýningunni eru um 250 verk eftir rosknar og ungar listakonur," sagði Bergljót, „flestar starfandi, en þó nokkrar látnar."

— Hvernig voru þátttakendur valdir?

„Það var hvert land fyrir sig, sem valdi þátttakendur. Við settum okkur ákveðnar skorður í upphafi, þær að setja upp samnorræna málverka - og teiknisýningu."

—Hvert er þá þema sýningarinnar?

„Það er einmitt málverkið og teikningin."

— Eruð þið að leita að einhverju með þessari sýningu?

„Já, það má eiginlega segja það. Okkur, sem að sýningunni stöndum, lék forvitni á að athuga, hvort hægt væri að tala um einhvert sameiginlegt tjáningarform í myndlist þeirra kvenna, sem starfa á Norðurlöndum."

— Og að hvaða niðurstöðu hafið þið komist?

„Við erum ekki að setja upp hefðbundna sýningu með einhverjum pólitískum boðskap, heldur þverskurð af myndlist kvenna á Norðurlöndum, þar sem stíll og efnismeðferð er mjög breytileg. Sumar fást við konuna og stöðu hennar í verkum sínum, hjá öðrum er konan meir í bakgrunni."

— Hvernig hefur sýningunni verið tekið, þar sem hún hefur verið sett upp?


„Mjög vel, sýningin sem þessi á fullan rétt á sér og það hefur mikið og vel verið um hana skrifað," sagði Bergljót Ragnars.

Sú elsta og yngsta.


Elstu þátttakendur sýningarinnar létust báðar fyrir tveimur árum. Það voru hin finnska Sigrid Schaumann, sem varð 102 ára gömul, og hin sænska Vera Nilsson, sem varð rúmlega niræð. Yngstu þátttakendurnir eru aftur á móti tæplega þritugir. Það eru Mette Schau og Kit Mosegord-Bruun, sú fyrrnefnda norsk, hin dönsk.

Þær listakonur, sem þátt taka fyrir Íslands hönd, eru Valgerður Bergsdóttir, Sigríður Björnsdóttir, Edda Jónsdóttir, Borghildur Óskarsdóttir, Bergljót Ragnars og Björg Þorsteinsdóttir.

Sýningin verður opin til 26. apríl. —KÞ



Mikið og vel hefur verið skrifað um sýninguna, þar sem hún hefur verið sett upp. (Visism. EÞS)



Varúlfadans. Myndir eftir finnsku listakonuna Saara Tikka.

Bílamarkaður VÍSIS — sími 86611

GM | VAUXHALL BEDFORD | OPEL | CHEVROLET | GMC TRUCKS

Ch. Monte Carlo	'79	140.000
Daihatsu Charade 4d	'80	63.000
CH. Malibu station	'79	120.000
Ch. Malibu Sedan	'79	105.000
Buick Skylark Coupé	'78	95.000
Oldsm. Delta Royal D.	'78	98.000
Datsun 220C diesel	'76	60.000
Vauxhall Viva DL	'77	35.000
CH. Malibu Classic Station	'79	140.000
Ch. Malibu Landau	'78	89.000
Toyota Carina CL 2d	'80	92.000
Ch. Blazer Cheyenne	'74	65.000
Toyota Cresida GL sjálfsk.	'80	125.000
Land Rover diesel	'78	97.000
Volga	'73	12.000
Saab 99	'74	50.000
Ch. Capri Classic	'77	115.000
Ch. Capriclassic	'78	125.000
Opel Record 4d L	'77	65.000
Ch. Malibu Classic	'79	110.000
Opel Delvan	'72	17.000
Audi 100 LS	'77	65.000
Land Rover diesel	'77	60.000
Vauxhall Chevette L	'77	37.000
Daihatsu Charmant	'79	64.000
Mazda 121	'77	64.000
Ch. Chevi Van lengri	'79	98.000
Fiat 128 special	'76	23.000
Mazda 626 1600 4d	'80	79.000
Saab 99 GL	'79	88.000
Audi 100 GL diesel	'79	120.000
Audi 100 GLS sjálfsk	'78	80.000
Ch. Nova Concors 2d	'77	76.000
Opel Caravan	'77	55.000
Daihatsu Charmant station	'79	65.000
Ch. Citation 2d 6 cyl	'80	120.000
Volvo 144 DL	'74	50.000
Ch. Malibu Sedan	'79	95.000
Ch. Malibu Sedan	'78	82.000
BMW 316	'78	90.000
Oldsm. Cutlass diesel	'79	120.000
Opel Record 4d L	'76	43.000
Pontiac Phönix	'78	85.000
Mazda 626 4d	'79	69.000
Ch. Malibu Classic 4d	'78	100.000
Scout II V8 sjálfsk	'77	90.000
GMC Astro 95 yfirb	'74	260.000
Lada Sport	'79	75.000
Ch. Malibu	'72	27.500

Samband Véladeild — ÁRMÚLA 3 - SÍMI 38900

Egill Vilhjálmsson hf. Sími
Davíð Sigurðsson hf. 77200



Honda Accord Autom.	1978	80.000
Ritmo 60 CL 5 dyra	1980	70.000
Fiat 127 Top	1980	64.000
Concord station Autom.	1979	100.000
Datsun 180B station	1978	57.000
Citroen CX 2400 Palace	1978	95.000
Simca Tröll	1977	30.000
Mercury Monarch hardtop, 6cyl	1976	65.000
Eagle 4x4	1980	160.000
Willys CJ5 Golden Eagle	1978	110.000
Willys J 6	1977	90.000
Willys CJ 5	1974	45.000
Wagoneer Custom	1976	80.000
Dodge Dart	1975	57.000
Audi 100 LS	1974	40.000
G.M.C. Rally Wagoon	1974	50.000
GMC Gipsy	1978	115.000
Concord DL	1978	75.000
Fiat 132 GLS 2000	1978	65.000
Fiat 125P station	1978	30.000

Höfum kaupendur að: Fiat 127 árg. '76-'77-'78
Sýnum ennfremur nýja bíla: Fiat 131 CL, Fiat 127 Topp, Fiat 125P 1500.

ATHUGIÐ:
Opið laugardaga kl. 1-5
Sýningarsalurinn
Smiðjuvegi 4 — Kópavogi

Síaukin sala sannar öryggi þjónustunnar

Mazda 929 Coupé '76 2ja dyra. Góður bíll.
Datsun Cherry '80 ekinn 4 þús. km.
Peugeot station 504 '74 7 manna.
Citroen GS station '79, ekinn 29 þús.
Dodge Aspen SE '79 6. cyl. ekinn 26 þús.
VW Golf L '77 2ja dyra, ekinn 48 þús. km.
Volvo 244, '78, sjálfskiptur. Skipti.
Fiesta '79 ekinn 6 þús.
Peugeot 505 '80 ekinn 8 þús. km.
Volvo 244 '79 ekinn 23 þús km. Sem nýr
Toyota Cressida '78 sjálfskiptur
Lada station '80, ekinn 7 þús. km.
Mazda 323 station '79 sjálfsk.
Audi 80 GLS '80 mjög fallegur bíll.
Saab 99 2ja dyra '73, sjálfskiptur. Bíll í sérflokki.
Ch. Malibu station '80, ekinn 800 km.
Datsun diesel '79. Góður bíll.
Toyota Cressida GL '80 sjálfsk. Bókstaflega eins og nýr.
Volvo 244. '77 fallegur bíll. Góð kjör.

bílasala GUÐMUNDAR
Bergþórugötu 3 — Reykjavík
Símar 19032 — 20070

NÝ BÍLASALA
BB
BÍLASALAN BLIK s/f
SÍÐUMÚLA 3-5 - 105 REYKJAVÍK
SÍMI: 86477